

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir  
Dags. 18. nóvember 2022  
Mnr. 2022050015



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Minnisblað - tillaga að breytingu á gjaldskrá fyrir árið 2023

Á 501. fundi bæjarstjórnar þann 3. nóvember 2022 kom fyrirspurn frá bæjarfulltrúa um hvort skoða mætti að veita afslátt á sund- og skíðakortum fyrir 16-18 ára ungmenni. Skv. fyrirbyggjandi gjaldskrá 2023 þarf þessi hópur að greiða sama gjald og fullorðnir í sund og á skíðasvæðið.

Málið var tekið upp á 236. fundi íþróttá- og tómstundanevndar þann 16. nóvember 2022 þar sem lagt var til að gjaldskráin yrði endurskoðuð fyrir umræddan aldurshóp. Nefndin bókaði eftirfarandi:

*Íþróttá- og tómstundanevnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi breytingar á gjaldskrá fyrir árið 2023 í sundlaugum og á skíðasvæði Ísafjarðarbæjar:*

- *Gjaldfrjálst verði fyrir börn 18 ára og yngri í sundlaugar Ísafjarðarbæjar.*
- *50% afsláttur á alpa- og göngusvæði fyrir börn 16-18 ára.*

Undirrituð, í samráði við bæjarstjóra og formann íþróttá- og tómstundanevndar, leggur til við bæjarráð að 50% afslátturinn á alpa- og göngusvæði fyrir börn 16-18 ára afmarkist við vetrarkort.